

Fundur 9. febrúar 2007

Fundur var haldinn í skipulags- og bygginganefnd Reykhólahrepps föstudaginn 9. febrúar 2007 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.

Fundargerð er rituð á tölvu og er ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Bogi Kristinsson Magnusen byggingarfulltrúi, Ragnar Jóhannsson, slökkviliðsstjóri og Óskar Steingrímsson sem ritaði fundargerð.

Sveinn setti fund og gengið var til dagskrár:

1. Umsókn frá VGS verkfræðistofu fyrir hönd Neyðarlínunnar um leyfi til að reisa fjarSKIPAMASTUR og tækjahús í Flatey. Teikningar liggja fyrir á skrifstofu.
Erindið samþykkt með fyrirvara um að engar athugasemdir berist á auglýstum tíma grendarkynningar.
2. Umsókn frá Bryndísi Þórðardóttur um 9,3 m² viðbyggingu við Bogabúð í Flatey. Erindið samþykkt. Fyrir liggur samþykki frá Húsafríðunarnefnd ríkisins dags. 4.janúar 2007.
3. Erindi frá Orkubúi Vestfjarða með beiðni um stöðuleyfi í þrjú ár fyrir rafstöðvargám norðan við frystihúsið í Flatey. Erindið samþykkt.
4. Umsókn frá Hreggviði Þorgeirssyni fyrir hönd ÍTÖLU ehf um leyfi til þess að rífa fjárhús á Kletti í Geiradal. Erindið samþykkt.
5. Bréf frá Sveini Hallgrímssyni og Hallgrími Jónssyi varðandi vegagerð um Skálanes.

Ragnar Jóhannsson yfirgaf fundinn kl.16:06.

Nefndin lýsir sig reiðubúna til þess að skoða málið vel og koma með tillögur til hreppsnefndar eftir öflun nánari upplýsinga og ganga. Sveini, Karli og Agli falið að vinna í málinu.

6. Gjaldskrá og hafnarreglugerð fyrir Reykhólahöfn.
Gjaldskráin samþykkt. Byggingafulltrúa falið að gera uppdrátt af afmörkun hafnarsvæðisins.

Bréf frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 2. febrúar 2007. Efni: Tilnefningar í starfshóp vegna svæðisskipulags og framtíðarsýn fyrir Vestfirði.
Lagt fram tilkynningar.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 17:15.

Sveinn Ragnarsson (sign)
Karl Kristjánsson (sign)
Bogi Kristinsson Mogensen (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)